Alþýðusamband Íslands

Laun á Íslandi og hinum Norðurlöndunum

Mikið hefur verið fjallað um laun og launakjör á Íslandi í samanburði við kjör félaga okkar á hinum Norðurlöndunum, en lítið hefur verið um haldbærar upplýsingar um hver þessi munur er. ASÍ hefur reglulega gert samanburðarkannanir á lífskjörum hér og á Norðurlöndunum og þá horft l bæði til tekna, skatta sem og ýmissa tilfærslna eins og barna- og húsnæðisbóta. Undanfarin ár hafa hagstofur innan ESB og EES landanna unnið að samræmingu hagskýrslugerðar um laun og tekjur einstakra starfsstétta. Því er orðið mun auðveldara að bera saman laun eftir starfsstéttum en áður var. Í þessari úttekt er litið til reglulegra dagvinnulauna[1] á almennum vinnumarkaði á Norðurlöndunum árið 2013.

Á mynd 1 má sjá samanteknar niðurstöður um meðaltal dagvinnulauna á Norðurlöndunum árið 2013 m.v. meðalgengi viðkomandi gjaldmiðla skv. Seðlabanka Íslands á því ári. Á myndinni má sjá dagvinnulaunin án tillits til verðlags og skatta (grænu súlurnar), að teknu tilliti til verðlags (rauðu súlurnar) og að teknu tilliti til bæði verðlags og skatta (bláu súlurnar).

Eins og sjá má eru laun á hinum Norðurlöndunum talsvert hærri en hér á landi eða ríflega 60% hærri að meðaltali. Hæst eru dagvinnulaunin í Danmörku og Noregi en munurinn er minni gagnvart Svíþjóð og Finnlandi.

Að baki þessum mikla mun á launum er einnig talsverður mun á verðlagi þannig að launin endast ekki endilega jafnvel í öllum löndunum, þ.e. kaupmáttur þeirra er mis mikill. Til að leiðrétta fyrir mismunandi verðlagi milli landa má nota svokallaða kaupmáttarjafnvægisstuðla, þar sem verðlag sambærilegra neysluvara er borið saman til að gera launasamanburðinn raunhæfari (rauðu súlurnar).

[1] Með reglulegum dagvinnulaunum í þessari greinargerð er átt við „regluleg laun‘‘ í uppgjöri Hagstofu Íslands sem eru greidd laun fyrir umsaminn vinnutíma hvort sem um er að ræða dagvinnu eða vaktavinnu. Í þessum launum eru hvers konar álags-, bónus- og kostnaðargreiðslur, svo sem föst yfirvinna og uppmælingar, sem gerðar eru upp á hverju útborgunartímabili. Hagstofur hinna Norðurlandanna nota sambærilega skilgreiningu fyrir laun fyrir umsaminn vinnutíma.

Mynd 1.



Heimild: Hagstofa Íslands, Danmarks Statistik, Statistiska centralbyrån, Sverige, Statistisk centralbyrå, Norge, Statistikcentrale, Finland og skattstofur þessara landa. Eigin útreikningar.

Þegar tekið hefur verið tillit til mismunandi verðlags minnkar launamunurinn verulega, einkum í Noregi og Danmörku, og verður að meðaltali tæplega 30% í stað 60% áður.

Nú er það einnig staðreynd að tekjuskattar og útsvar ásamt framlögum til lífeyrismála eru mjög ólík milli Norðurlandanna og yfirleitt mun hærri í hinum löndunum fjórum en á Íslandi. Að sama skapi eru tekjujöfnunaráhrif skattkerfanna mjög mismunandi og hafa jafnan verið minnst hér á landi. Í útreikningunum hefur verið tekið tillit til þessara þátta m.v. einstaklinga en horft er fram hjá áhrifum tilfærslna eins og barna- og húsnæðisbóta.

Á þennan mælikvarða minnkar munurinn á dagvinnulaunum enn frekar og er um 20% að meðaltali. Mestu munar um áhrif tekjuskattkerfisins í Danmörku og Noregi, en í þessum löndum er lögð meiri áhersla á persónuskatta samanborið við t.d. Svíþjóð og Finnland sem leggja meiri álögur á launaútgjöld fyrirtækja.

Samandregið eru regluleg dagvinnulaun á Íslandi að meðaltali um 20% lægri en á hinum Norðurlöndunum þegar tillit hefur verið tekið til mismunandi verðlags og skatta. Mestur er þessi munur gagnvart Danmörku, 29%, og Noregi, 27% en minnstur gagnvart Svíþjóð, 7%.

Launamunur eftir starfsstéttum

Það er ekki síður athyglisvert að skoða þennan mun eftir einstaka starfsstéttum. Á mynd 2 má sjá muninn á dagvinnulaunum á Íslandi og að meðaltali á hinum Norðurlöndunum eftir að tekið hefur verið tillit til bæði verðlags og skatta (í viðauka aftast má sjá samanburð launa eftir einstaka starfsstéttum og löndum). Eins og áður kom fram er þessi munur að meðaltali 20%.

Það er áberandi á mynd 2 að munurinn á dagvinnulaunum er mun minni meðal tekjuhærri hópanna en hjá tekjulægri hópunum. Þannig eru og dagvinnulaun stjórnenda á Íslandi í raun 5%

hærri en að meðaltali á hinum Norðurlöndunum. Mestur munur er gagnvart Svíþjóð og Noregi en minni gagnvart Danmörku og finnskir stjórnendur eru með 3% hærri dagvinnulaun en stjórnendur hér á landi.

Ef litið er á dagvinnulaun sérfræðinga eru þau um 3-5% lægri hér á landi en í hinum löndunum, hæst eru laun sérfræðinga í Noregi og lægst í Svíþjóð. Hluta af þessum mun má skýra með minni tekjujöfnunaráhrifum íslenska skattkerfisins, þar sem hátekjur hér á landi eru skattlagðar mun minna en á hinum Norðurlöndunum og því verður hlutfallslega meira eftir í buddu hátekjuhópa hér á landi.

Mestur munur á dagvinnulaunum er hins vegar gagnvart verkafólki og þjónustu-, sölu- og afgreiðslufólki. Hér á landi eru dagvinnulaun verkafólks allt að 30% lægri en að meðaltali á hinum Norðurlöndunum. Mestur er þessi munur gagnvart Danmörku, 42% og Noregi, 34% en minnstur gagnvart Svíþjóð, 15%. Hjá þjónustu-, sölu- og afgreiðslufólki er þessi munur um 20%, mestur gagnvart Danmörku og Noregi og minnstur gagnvart Svíþjóð.

Það er einnig áberandi á mynd 2 að meiri munur er á launum kvenna en karla í öllum starfsstéttum. Það bendir til þess að óleiðréttur launamunur kynjanna sé meiri hér á landi en á hinum Norðurlöndunum.

Mynd 2



Heimild: Hagstofa Íslands, Danmarks Statistik, Statistiska centralbyrån, Sverige, Statistisk centralbyrå, Norge, Statistikcentrale, Finland og skattstofur þessara landa. Eigin útreikningar.

Af vanda læknastéttarinnar

Í nýafstaðinni deilu Læknafélags Íslands við fjármálaráðuneytið fór mikið fyrir umræðu um kjör lækna miðað við það sem þekkist í nágrannalöndunum. Fullyrt var að við blasti mikill flótti lækna til annarra landa vegna bágra kjara þeirra hér á landi. Afar erfitt var fyrir almenning að átta sig á hvað væri rétt í þessu því lítið er til af upplýsingum um launa- og starfskjör lækna. Þannig er ekki hægt að fletta upp á vef Hagstofu Íslands um dagvinnulaun og heildartekjur lækna líkt og á hagstofum hinna Norðurlandanna og Fjármála- og efnahagsráðuneytið birtir þessar upplýsingar ekki fyrir Læknafélag Íslands líkt og það gerir fyrir nánast alla aðra hópa. Frá þessari meginreglu var þó gerð undantekning skömmu fyrir jól, þegar fjármála- og efnahagsráðuneytið upplýsti hverjar heildartekjur lækna voru að meðaltali á árinu 2013. Ekki var upplýst um dagvinnutekjur en þetta gerir það engu að síður kleift að bera saman heildartekjur lækna hér á landi við hin Norðurlöndin.

Á mynd 3 má sjá samanburð á heildartekjum lækna á Íslandi og hinum Norðurlöndunum, bæði óleiðrétt fyrir verðlagi sem og að teknu tilliti til skatta og verðlags.

Mynd 3



Heimild: Fjármálaráðuneytið, Danmarks Statistik, Statistiska centralbyrån, Sverige, Statistisk centralbyrå, Norge, Statistikcentrale, Finland og skattstofur þessara landa. Eigin útreikningar.

Eins og sjá má er mun minni munur á óleiðréttum tekjum lækna hér á landi samanborið við nágrannalöndin. Mestur er þessi munur gagnvart Danmörku og Noregi, en tekjur lækna í Svíþjóð eru lægri en hér. Ef leiðrétt er fyrir verðlagi og sköttum kemur hins vegar í ljós að læknar á Íslandi eru með 15% hærri heildartekjur að meðaltali en kollegar þeirra á Norðurlöndunum.

Samkvæmt þessu er vandséð að upphrópanir um yfirvofandi landflótta læknastéttarinnar eigi rót að rekja til launakjara. Mun líklegra er að flóttann megi rekja til vinnuaðstöðu og hættuna á því

að þekking þeirra úreldist við það að nota gömul lækningatæki og eldri tegundir af lyfjum við lyflækningar. Ekki skal þó dregið úr líkunum á því að viðvarandi stöðugleiki á hinum Norðurlöndunum, lægri vextir og öflugra velferðarkerfi virki sem segull á lækna eins og annað launafólk enda hafa um 20 þúsund Íslendingar valið að flytjast búferlum til Norðurlandanna á síðustu árum. Vandinn er hins vegar að nýgerður kjarasamningur lækna, og sá kostnaðarauki sem verður í heilbrigðiskerfinu, er líklegri til að færa þá fjær lausn á þessum vanda en nær og því stendur heilbrigðiskerfið veikar að vígi en áður en ekki betur.

Meiri launamunur á Íslandi

Eins og fram kom í inngangi þessarar greinar er í umræðunni mikið vitnað til launakjara á hinum Norðurlöndunum. Umreiknað miðað við gengi er þessi munur 60% að meðaltali og allt að 80% hjá verkafólki. Þessi munur minnkar verulega ef litið er til áhrifa verðlags og skatta og er þá um 20% að meðaltali. Mestur er þessi munur hjá verkafólki og þjónustu-, sölu- og afgreiðslufólki. Þetta bendir til þess að launamunur á milli há- og lágtekjuhópa hér á landi sé meiri en almennt þekkist á hinum Norðurlöndunum.

Þetta kemur skýrt fram á mynd 4 þar sem sjá má dagvinnulaun stjórnenda og heildartekjur lækna sem hlutfall af dagvinnulaunum verkafólks á Norðurlöndunum. Gagnvart stjórnendum er þessi munur minnstur í Danmörku og Noregi um 175 á móti 100 og mestur á Íslandi ríflega 250 á móti 100.

Ef litið er til heildartekna læknastéttarinnar kemur í ljós að hún er almennt hálaunastétt á Norðurlöndunum og liggja tekjur hennar nokkuð hærra en hjá stjórnendum á almennum vinnumarkaði. Það er hins vegar sláandi að sjá hvað margfelldi tekna lækna er miðað við verkafólk hér á landi en hér eru læknar með ríflega fjórfaldar dagvinnutekjur verkafólks og launamunur þessara hópa mun meiri hér á landi en í nágrannalöndunum.

Mynd 4



Fylgiskjöl, dagvinnulaun eftir starfsstéttum og löndum.




Dagvinnutekjur sérfræðinga 2013 eftir skatta og leiðrétt fyrir verðlagi
1.200.000
1.000.000
800.000
600.000
400.000
200.000
0
Ísland
Svíðþjóð
Danmörk
Noregur
Finnland
Eftir skatta, leiðrétt fyrir verðlagi
Fyrir skatta, leiðrétt fyrir verðlagi
Óleiðrétt fyrir verðlagi


Dagvinnutekjur tækna og sér-menntaðra 2013 eftir skatta og leiðrétt fyrir verðlagi
1.000.000
800.000
600.000
400.000
200.000
0
Ísland
Svíðþjóð
Danmörk
Noregur
Finnland
Eftir skatta, leiðrétt fyrir verðlagi
Fyrir skatta, leiðrétt fyrir verðlagi
Óleiðrétt fyrir verðlagi


Dagvinnutekjur skrifstofufólks 2013 eftir skatta og leiðrétt fyrir verðlagi
800.000
600.000
400.000
200.000
0
Ísland
Svíðþjóð
Danmörk
Noregur
Finnland
Eftir skatta, leiðrétt fyrir verðlagi
Fyrir skatta, leiðrétt fyrir verðlagi
Óleiðrétt fyrir verðlagi


Dagvinnutekjur þjónustu og afgr. fólks 2013
eftir skatta og leiðrétt fyrir verðlagi
700.000
600.000
500.000
400.000
300.000
200.000
100.000
0
Ísland
Svíðþjóð
Danmörk
Noregur
Finnland
Eftir skatta
Fyrir skatta
Óleiðrétt fyrir verðlagi


Dagvinnutekjur iðnaðarmanna 2013
eftir skatta og leiðrétt fyrir verðlagi
800.000
600.000
400.000
200.000
0
Ísland
Svíðþjóð
Danmörk
Noregur
Finnland
Eftir skatta, leiðrétt fyrir verðlagi
Fyrir skatta, leiðrétt fyrir verðlagi
Óleiðrétt fyrir verðlagi


Dagvinnutekjur verkafólks 2013
eftir skatta og leiðrétt fyrir verðlagi
800.000
600.000
400.000
200.000
0
Ísland
Svíðþjóð
Danmörk
Noregur
Finnland
Eftir skatta, leiðrétt fyrir verðlagi
Fyrir skatta, leiðrétt fyrir verðlagi
Óleiðrétt fyrir verðlagi